

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
16.02.22	17:00	Teams og Lögberg 101	9
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir		16.02.22
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Rebekka Karlsdóttir (Röskva) Teams			
Stefán Kári Ottósson (Röskva)			
Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka) Teams			
Kjartan Ragnarsson (Röskva) Teams			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva) Teams			
Margrét Jóhannesdóttir (Röskva) Teams			
Kristján Guðmundsson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva) Teams			
Anna María Björnsdóttir (Röskva) Teams			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Rósa Halldórsdóttir (Röskva) Teams			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)			
Erlingur Sigvaldason (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Ingvar Þóroddsson (Röskva) Teams			
Malen fyrir Ingu Huld Ármann (mætir síðar) (Röskva)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ			
Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ			
Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti SHÍ			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir, varaforseti LÍS Teams			
Rakel Anna Boulter, varafulltrúi Hugvísindasviðs Teams			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 20. janúar 2022 á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on January 20th 2022 on Teams at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkygningar og mál á döfnni 17:05-17:20

Announcements and issues ahead

4. Stefna Stúdentaráðs (kynning og umræður) 17:25-17:40

The Student Council's policy

5. Skipulags- og samgöngumál við Háskóla Íslands (kynning og umræður)

17:40-18:00

Planning and transport issues at the University of Iceland

6. Tillaga um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta

(atkvæðagreiðsla) 18:00-18:15

Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students

7. Hlé 18:15-18:25

Intermission

8. Geðheilbrigðismálaúrræði við Háskóla Íslands (kynning og umræður) 18:25-18:40

Mental health resources at the University of Iceland

9. Tillaga að ályktun um að Stapi verði nýtt undir stúdentaíbúðir á ný

(atkvæðagreiðsla) 18:40-18:55

Proposal for a resolution about Stapi being used for student housing again

10. Tillaga vegna takmarkaðs aðgangs nema utan EES til vinnu með námi

(atkvæðagreiðsla) 18:55-19:10

Proposal on the limited access of student outside the EEA on the labour market

11. Önnur mál 19:10-19:20

Other issues

12. Fundi slitið 19:20

Meeting ends

1. Fundur settur 17:05

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:08

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.

b. **Fundargerð er einróma samþykkt (14 atkvæði)**

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:08-17:25

Announcements and issues ahead

a. **Ókyngreind salerni:** Verið að fara í framkvæmdir í VRII, Lögbergi og Læknagarði. Það er á áætlun að hefja framkvæmdir í maí og að ný salerni verði tilbúin í haust. Fyrirséð að aðgengið verði gott að þeim. Það er mikilvægt að halda áfram að beita okkur fyrir því að fleiri byggingar verði teknar í gegn.

b. **Stúdentar á húsnæðismarkaði:** Skýrsla Stúdentaráðs um húsnæðismál kom út 25. janúar og var send á skrifstofu borgarstjóra, framkvæmdastjóra FS, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, rektorsskrifstofu, félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra og þingflokksformenn. Hana er að finna á heimasíðunni okkar undir [útgefin efni](#). Líkt og áður hefur verið rætt er fyrirhugað að nota skýrsluna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar og gera meira úr henni með t.d. viðburði.

c. **Fundur með félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra:** Fundurinn átti að fara fram fimmtudaginn 13. janúar en frestaðist vegna anna ráðherra. Fundurinn fór þess í stað fram 10 febrúar og gekk mjög vel. Hagsmunafulltrúi fór yfir stöðuna á ókyngreindu salernunum og óskaði eftir upplýsingum um reglugerðina sem heyrir undir ráðuneytið. Svörin voru á þá leið að reglugerðirnar væru báðar í forgangi. Forseti fór yfir vinnumarkaðsmálin og erindi Stúdentaráðs um fæðingarstyrk námsmanna, samþykkt á desember fundi ráðsins að tillögu fjölskyldunefndar. Minnisblað var sent á ráðherra um atvinnuleysisbæturnar og einnig húsnæðisskýrslan, sem óskað var sérstaklega eftir.

- d. **Könnun fyrir vormisserið:** Skrifstofan sendi út könnunina mánudaginn 7. febrúar og framlengdi frest hennar til 17. febrúar, í stað 13.. Forseti og hagsmunafulltrúi munu í sameiningu vinna úr gögnunum og birta niðurstöðurnar eins fljótt og auðið er.
- e. **Lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið:** Forseti og framkvæmdastjóri FS funduðu með rektorsskrifstofu í janúar og ræddu ýmsar lausnir fyrir verslun á háskólasvæðinu. Það er þó enn forgangsatríði að nýta rýmið á Eggertsgötu 24, enda er það í hjarta Vatnsmýrarinnar og markmiðið er að þjónusta þann tiltekna hóp sem býr eða fer þar um. Með tilkomu Hótel Sögu er gott fyrir FS, SHÍ og HÍ að vera samstíga í þessu máli og leggja þannig enn sterkari grunn að framtíðar þjónustukjarna. Framkvæmdastjóri FS ætlar að koma á næsta fund til að ræða næstu verkefni FS, m.a. lágvöruverðsverslunina.
- f. **Samráðsfundur með nemendafélögum** fór fram 25. janúar og var þar verið að gera upp haustmisserið og fara yfir horfur fyrir vormisserið. Farið var yfir viðburðadagatal SHÍ, sérstaklega Októberfest í maí og aðkomu félaganna að því. Starfsemin hefur verið misjöfn milli félaga, sum hafa treyst sér til að aðlaga félagslífið að aðstæðum og aðrir frekar ákveðið að bíða. Októberfest verður líklegast 20 maí.
- g. **Önnur mál á borði skrifstofu:**
- i. **Tillaga vegna nýútskrifaðra sálfræðinga:** Hagsmunafulltrúi og forseti í samráði við sviðsráðs forseta HVS eru að vinna í fyrrnefndu erindi. Síðasti fundur fór fram 7. febrúar og voru línur lagðar að næstum skrefum ásamt tímalínu. Framundan verða fundir og gagnaöflun.
 - ii. **Sjúkra- og endurtökupróf:** Tillöguberar og skrifstofa hafa óskað eftir því að háskólaráðsliðar, forseti sviðsráðs FVS, fulltrúar í kennslumálanefnd og stjórn FVS komi saman sem fyrst. Nokkrar útfærslur á mögulegum lausnum hafa verið til umræðu og hafa allir aðilar rætt þær sín á milli en nauðsynlegt er að ræða þær á breiðari vettvangi. Það virðist þó vera einlægur stuðningur hjá rektorsskrifstofu og kennslusviði til að breyta fyrirkomulaginu og auka samræmingu milli fræðasviða.
 - iii. **COVID styrkur til Stúdentaráðs:** Skrifstofan óskaði eftir COVID styrk, því reksturinn hefur verið erfiður, við fáum t.a.m. yfirleitt góðar tekjur í kringum Októberfest en höfum ekki getað haldið hátíðina tvö ár í röð. Þessi styrkur ætti að ná utan um síðustu tvö árin og einnig vera nýttur í varasjóð. Við verðum vonandi komin með áætlun í mars um hvernig við ætlum að ráðstafa þessu fjármagni.

1. Skrifstofan vill leggja áherslu á að það verði til varasjóður. Stjórn var látin vita af styrknum í síðustu viku.
 - iv. **Viðburðadagatal:** Forseti fer yfir uppfært viðburðadagatal SHÍ. Dagsetningarnar í vísindaferðir fyrir FVS og HVS haldast óbreyttar þrátt fyrir að annað hefði verið skoðað, Aurora stefnumótunarferðin hérlendis er komin með dagsetningu og einnig Aurora biannual sem forseti og alþjóðafulltrúi sækja í maí o.fl.. Isabel fer yfir viðburðardagatalið.
 - h. **Stúdentaráðsfundir út vormisserið:** Eftir er einn hefðbundinn fundur í mars en þar eru lagabreytingar fastur liður. Kjörfundur verður svo í apríl og skiptafundur í maí. Viðveru núverandi Stúdentaráðs er ekki krafist á kjörfundi því nýju kjörnu fulltrúarnir eru boðaðir. Hins vegar er óskað eftir viðveru núverandi ráðs á skiptafundi. Minnt er á að formleg skipti eru ekki fyrir en á skiptafundi þannig að öll halda embættum og störfum sínum áfram fram að því.
 - i. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 8. febrúar og ræddi ofangreind mál auk samstarfsbeiðni sem barst skrifstofu, frumvarp vegna Menntasjóðs námsmanna og stöðu mála á hverju sviði fyrir sig.

Anna María Björnsdóttir mætir 17:12

Rannveig Klara Guðmundsdóttir mætir 17:24

Erlingur Sigvaldason mætir 17:24

4. Stefna Stúdentaráðs (kynning og umræður) 17:25-17:34

The Student Council's policy

- a. Forseti og varaforseti fara yfir stöðuna á stefnu Stúdentaráðs. Sara, varaforseti fer yfir stefnuna, sýnir skjalið og útskýrir. Núna erum við í fyrsta fasanum þar sem skrifstofan vinnur upp drög úr gögnum frá stefnumótunarferðinni. Skrifstofan er að semja texta upp úr þessu. Þann 21 febrúar er deadline á drögum fyrir skrifstofuna, svo verða þau sett 3. mars inn í möppuna þar sem fulltrúar SHÍ geta farið yfir, bætt við, gert tillögur o.s.frv.. Það er mjög mikilvægt að fulltrúar skoði stefnuna og komi með gagnrýni.
- b. Opið verður fyrir athugasemdir 10 mars. Allir fá heilan mánuð til að lesa yfir og gera tillögur - sérstaklega vegna þess að það eru kosningar þar á milli. Þann 10. apríl verða drögin lokuð og skrifstofan hefur 13 daga til að fara yfir stefnuna og vinna upp úr athugasemdum. 15 dögum síðar fá allir þetta aftur til að gera fleiri athugasemdir. 2 maí er lokaniðurstaða.

- c. Isabel endurtekur að stefnan eigi að vera tímalaus og í takt við tímann, og vera leiðarvísir en að framkvæmdaáætlanirnar farið dýpra ofan í aðgerðir og markmið.
5. Skipulags- og samgöngumál við Háskóla Íslands (kynning og umræður) 17:34-17:47
Planning and transport issues at the University of Iceland
 - a. Forseti fer yfir minnisblað vegna skipulags- og samgöngumála sem m.a. fjallar um hlutverk skipulagsnefndar, starfshóps vegna bílastæðamála, Vatnsmýrarhópin og áform háskólans um heildarsýn háskólasvæðisins.
 - b. Hvernig fór vinnan af stað? Árið 2019 var haldinn opinn fundur um þetta mál af Stúdentaráði. Það er óhjákvæmilegt að gjaldskylda muni einn daginn gerast í HÍ. Þar kemur U passinn til sögu (university pass), um 5 þúsund króna samgöngukort fyrir stúdenta. Ýmsar tafir í þróun mála sem má rekja til faraldursins og vatnstjónsins, vonandi fer þetta í betri farveg núna.
 - c. Umræður og spurningar myndast um þetta mál
 - d. ***Sjá upptöku fyrir kynninguna í heild sinni***

6. Tillaga um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (atkvæðagreiðsla) 17:47-18:00

Proposal for the appointment of SC's representatives at the National Assembly of the National Union of Icelandic Students

- a. Forseti fer yfir tillögu skrifstofunnar um skiptingu þingfulltrúa milli fylkinga.
- b. Þessi tillaga byggist á tillögunni í fyrra og þar í fyrra. SHÍ fær 13 fulltrúar. 3 fulltrúar frá skrifstofunni: forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi. Stúdentaráðsliðar eru 10. í hlutfalli við niðurstöður kosninga 2021.
- c. Isabel sækir útreikninga á því hvernig þetta skiptist vegna kosninga. Þetta er sama skipting og í nefndum SHÍ: 8 fulltrúar til Röskvu og 2 fulltrúar til Vöku.
- d. Ingunn fer yfir smávægilegar áhyggjur vegna HVS vísó 4 mars. Vaka Lind, Alma og Vífill verða hins vegaar með yfirumsjón fyrir vísó. Vaka Lind mun taka við af störfum Stefáns ef þess þarf.
- e. **Atkvæðagreiðsla: 14 samþykkja, 1 situr hjá**

7. Hlé 18:00-18:11

Intermission

Tilkynning tengt liði 6: Isabel gleymdi að nefna fyrir hlé að það verður upplýsingafundur um landsþingið, og það er frestur til á morgun að senda inn breytingartillögur til LÍS. SHÍ leggur fram þingsályktunartillögu um húsnæðismál,

8. Geðheilbrigðismálaúrræði við Háskóla Íslands (kynning og umræður) 18:10-18:18

Mental health resources at the University of Iceland

- a. Forseti fer yfir stöðu geðheilbrigðisúrræða við Háskóla Íslands. Fjórði sálfræðingurinn hefur verið ráðinn í febrúar og kemur til með að starfa á menntavísindasviði.
 - b. Af tilstilli SHÍ (erindis til mennta og heilbrigðisráðuneytisins) var farið í þá vinnu að skoða það að auka fjárframlög í þennan málaflokk. Allt að 100 milljónum var varið í geðheilbrigðismál og með því fjármagni sem HÍ hlaut hefur verið hægt að bæta við úrræðum. Nýjasta er verkefnið við félagsráðgjöf sem snýr að því að nemendur í félagsráðgjöf veiti ráðgjöf líkt og sálfræðiráðgjöf sálfræðinema. Það verkefni er nú tryggt til 2 ára.
 - c. Engar spurningar
9. Tillaga að að ályktun um að Stapi verði nýtt undir stúdentaíbúðir á ný (atkvæðagreiðsla) 18:19-18:41

Proposal for a resolution about Stapi being used for student housing again

- a. Lagt er til að Stúdentaráð skrifi og sendi ályktun á rektor Háskóla Íslands þar sem skorað er á skólann að eftirláta Félagsstofnun stúdenta bygginguna Stapa þannig að hana megi nýta sem íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta á ný.

*Stúdentaráðsfundur**16. febrúar 2022***TILLAGA****að ályktun um að Stapi verði nýtt undir stúdentaíbúðir á ný**

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð skrifi og sendi ályktun á rektor Háskóla Íslands þar sem skorað er á skólann að koma að viljayfirlýsingu með Stúdentaráði og Félagsstofnun stúdenta um að eftirláta Félagsstofnun bygginguna Stapa um leið og starfsemin þar flyst annað, þannig að hana megi nýta sem íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta á ný.

Rökstuðningur

Byggingin Stapi sem stendur við Hringbraut 31 er fyrsta byggingin sem reist var af Félagsstofnun stúdenta fljótlega eftir stofnun og hýsti hún lengi vel stúdentabúðir, Bóksölu stúdenta og aðra starfsemi FS. Árið 2007 var öll starfsemi FS færð yfir á Háskólatorg og er Stapi í dag í umsjón háskólans og byggingin nýtt undir skrifstofur, kennslu og rannsóknir. Í ljósi þess að Háskóli Íslands hefur nú fest kaup á stórum hluta Bændahallarinnar og fyrirhugað er að á næstu árum verði tekið í notkun nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs á Landspítalalóðinni, er hér því lagt til að Stapi verði aftur sett í umsjá Félagsstofnunar stúdenta og byggingin nýtt í þeim tilgangi sem henni var upphaflega ætlað, sem íbúðarhúsnæði og samkomustaður fyrir stúdenta. Þá ber einnig að nefna að Stapi er tengdur við Gamla garð þar sem í dag eru stúdentabúðir og því eðlilegt að byggingin verði aftur hluti af þeim stúdentakjarna sem þessum tveim byggingum var upphaflega ætlað að vera.

Í dag býr mun lægra hlutfall skráðra nemenda við Háskóla Íslands í íbúðum sérstaklega ætluð stúdentum miðað við sambærilega háskóla á Norðurlöndunum. Félagsstofnun stúdenta hefur sett sér markmið um að eiga stúdentabúðir sem geta hýst 15% skráðra nemenda við Háskóla Íslands og jafnframt hefur stofnunin og stúdentahreyfingarnar lagt áherslu á að fjölga stúdentabúðum á háskólasvæðinu sjálfu með það að leiðarljósi að svæðið verði samheldið og sjálfbært samfélag og til að skapa betri rekstrargrundvöll fyrir aðila sem hafa áhuga á að opna og reka verslanir eða aðra þjónustu á eða í nálægð við háskólasvæðið. Í augnablikinu eru ekki til staðar áætlanir um byggingu nýs húsnæðis fyrir stúdentabúðir inni á háskólasvæðinu sjálfu og því myndu stúdentabúðir í Stapa, ásamt þeim stúdentabúðum sem liggur fyrir að teknar verði í notkun í Bændahöllinni, vera stórt skref sem hægt væri að taka á tiltölulega stuttum tíma í átt að því að fjölga stúdentabúðum á háskólasvæðinu og ýta undir myndun þess háskólasamfélags sem stúdentar vilja sjá.

Ingvar Þóroddsson, oddviti Röskvu

- b. Ingvar mælir fyrir tillögunni og leggur fram breytingartillögu á hana.
Breytingartillagan snýr að því að bæta því við að Stúdentaráð leitist eftir því að Háskóli Íslands komi að viljayfirlýsingu.
- c. Umræður myndast um tillöguna. Spurt er um horfur fyrir hús Heilbrigðisvísindasviðs og starfsemina sem er að finna í Stapa í dag.
- d. **Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu á tillögunni: 15 atkvæði, samþykkt einróma**
- e. **Atkvæðagreiðsla um tillöguna í heild sinni: 12 samþykkt, 3 sitja hjá, enginn á móti**

10. Tillaga vegna takmarkaðs aðgangs nema utan EES til vinnu með námi

(atkvæðagreiðsla) 18:42-18:49

Proposal on the limited access of student outside the EEA on the labour market

- a. Lagt er til að Stúdentaráð kanni mögulegt samstarf við háskólann við að einfalda nemum utan EES umsókn til atvinnuleyfis, með sérstaka áherslu á rannsóknarvinnu sem og vinnu undir handleiðslu kennara skólans. Jafnframt að þrýst verði á stjórnvöld að auka heimild nemenda utan EES til að vinna svo þeir standi jafnfætis við aðra nemendur skólans.

Stúdentaráðsfundur

16. febrúar 2022

TILLAGA

vegna takmarkaðs aðgangs nema utan EES til vinnu með námi

Samkvæmt núverandi reglugerðum mega nemendur utan EES einungis sinna 40% starfi meðfram námi, nema að um ræði starfsnám eða vinnu sem fer fram í námsleyfi. Það jafngildir, í hæsta lagi, 15 klukkustundum á viku. Auk þess þurfa nemendur utan EES að fá sérstakt vinnuleyfi til að geta starfað hér á landi.

Undirritaður leggur til að skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands kanni mögulegt samstarf við háskólann með það að marki að einfalda þessum nemendum umsókn til atvinnuleyfis, með sérstaka áherslu á rannsóknarvinnu sem og vinnu undir handleiðslu kennara skólans. Jafnframt

er lagt til að skrifstofan þrýsti á stjórnvöld til að auka heimild nemenda utan EES til að vinna svo þeir standi jafnfætis við aðra nemendur skólans.

Tilraunir hafa verið gerðar á tímum heimsfaraldursins af hálfu skrifstofu SHÍ til að vekja athygli stjórnvalda á þessu og er mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu með formlegri áskorun til stjórnvalda, þar sem að heimild til aukins vinnuhlutfalls gerir sumar- og rannsóknarstarf sem og almennt nám við skólann aðgengilegra fyrir nemendur utan EES. Myndi þetta styðja við markmið nýrrar stefnu háskólans, HÍ26, þar sem lögð er áhersla á opinn og alþjóðlegan háskóla.

Rökstuðningur

Stúdentaráð er helsta þrýstiafl nemenda út á við og hefur beitt sér fyrir réttum stúdenta í yfir 100 ár. Alþjóðanemar standa nú þegar oft höllum fæti á vinnumarkaði þar sem að þeir eiga, að eigin sögn, oft erfitt með að tryggja viðtöl við vinnuveitendur sökum tungumálaörðugleika eða fordóma vinnuveitenda. Auk þess hafa nemendur utan EES takmarkað aðgengi að íslensku lánakerfi, t.d. Menntasjóði námsmanna. Það að sækja um vinnuleyfi er tímafrekt og aðstoð við umsóknarferlið er af skornum skammti, það setur enn frekari hindranir í veg erlendra nema sem sækjast eftir starfi hér á landi.

Séu nemar utan EES á almennum leigumarkaði og ekki á námslánum dugir 40% vinna á lágmarkslaunum ekki til að dekkja leigukostnað, hvað þá önnur almenn útgjöld svo sem mat og námsgögn. Þegar nemendur utan EES sækja um nám á Íslandi er gerð krafa um að þeir sýni fram á að þeir geti framfleytt sér yfir dvöl sína. Takmarkað aðgengi þeirra að vinnumarkaði jafngildir því takmörkuðu aðgengi að námi en það brýtur í bága við stefnu skólans sem heldur því fram að aukin alþjóðavæðing Háskólans sé eitt af meginmarkmiðum okkar á komandi árum.

Heimild til aukins vinnuhlutfalls og auðveldun umsóknarferlis þegar kemur að vinnuleyfi hér á landi styrkir almenna alþjóðavæðingu Háskólans, sem og íslensks samfélags. Slík breyting myndi stuðla að því að gera nám hér á landi enn meira aðlaðandi, styrkja stöðu alþjóðanema hér á landi og auka aðgengi nemenda að Háskólanum sem ekki eiga kost á viðeigandi námi í heimalandi sínu. Að lokum myndi það efla rannsóknarvinnu skólans og stuðla að fjölbreyttu háskólasamfélagi.

Kjartan Ragnarsson

- b. Tillöggunni er hrósað og engar spurningar berast
- c. **Atkvæðagreiðsla: 15 atkvæði, einróma samþykkt t**

11. Önnur mál 18:49-19:01

Other issues

- a. Isabel leggur fram tillögu undir önnur mál. Um er að ræða tillögu að stuðningsyfirlýsingu við umsagnir samtaka og hreyfinga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga. Tillagan barst samdægurs og því þarf að kjósa um að taka hana til afgreiðslu.
- b. **Atkvæðagreiðsla: 15 atkvæði, samþykkt einróma**

Stúdentaráðsfundur

16. febrúar 2022

TILLAGA

**að stuðningsyfirlýsingu við umsagnir alþjóðasamtaka og hreyfinga
vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga
(alþjóðleg vernd)**

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð samþykki neðangreinda stuðningsyfirlýsingu og gefi út í kjölfarið.

Rökstuðningur

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga var lagt fram á 149. löggjafarþingi og endurflutt á bæði á 150. og 151. löggjafarþingi en náði á endanum ekki fram að ganga. Á síðasta löggjafarþingi sendi Stúdentaráð frá sér stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða krossins á Íslandi vegna frumvarpsins. Hér er lagt til að slíkt hið sama sé gert að nýju og taki jafnvel mið af umsögn fleiri alþjóðasamtaka og hreyfinga á borð við UNICEF og Amnesty International.

Líkt og sagði í stuðningsyfirlýsingu Stúdentaráðs 26. júní 2020 er ráðið mótfallið hvers konar aðgerðum sem boða óréttlæti og óvissu fyrir viðkvæma hópa samfélagsins. Í hópi þeirra sem hér setjast að eru ungmenni og börn sem hér geta og eiga eftir að stunda nám, en við Háskóla Íslands er t.a.m. fjölbreyttur hópur bæði nemenda og starfsfólks sem auðga samfélagið okkar svo um munar.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Inga Huld Ármann, stúdentaráðsliði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með umsögnum Rauða krossins á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Barnaheilla, Landssamtaka Þroskahjálpar, Kennarasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Amnesty International vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd). Þá tekur ráðið einnig undir með umsögnum Claudia & Partners, Önnu Kristínar B. Jóhannesdóttur hjúkrunarfræðings og aðjúnkts sem og Mörtu Jóns Hjördísardóttur hjúkrunarfræðings.

Lagðar eru fram athugasemdir við frumvarpið af ofangreindum umsagnaraðilum um alvarleg inngríp og takmarkanir á grundvallarréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá er vert að taka fram að um er að ræða frumvarp sem flutt var á 149. löggjafarþingi og endurflutt

150., og 151. löggjafarþingi og var í öll þau skipti talin ástæða til að gera athugasemdir við.

Þær hreyfingar, samtök og sérfræðingar sem fordæmt hafa innihald frumvarpsins búa yfir afgerandi sérfræðipækkingu á málefnum flóttafólks og umsækjendum um alþjóðlega vernd, og öðrum tengdum málaflokkum. Vegna þessa er óumdeilanlegt að afstaða þeirra og sérfræðialit skiptir höfuðmáli. Markmið frumvarpsins um aukið gagnsæi og skilvirkni að því er talið er til bóta í málaferlum umsækjenda kann að vera villandi og boðar frumvarpið þess í stað óvissu fyrir fólk á flóttu. Nái frumvarpið fram að ganga er hættu á að þrengt sé enn frekar að möguleikum fólks til að fá vernd héraendis og grafið sé þannig undan mannréttindum þeirra með markvissum og meðvituðum hætti.

Stúdentaráð er mótfallið hvers konar aðgerðum er skapa óréttlæti í garð viðkvæmra hópa samfélagsins. Það á að vera venja frekar en undantekning að taka á móti og búa vel um fólk sem sest hér að og auðgar samfélagið okkar svo um munar. Það er t.a.m. skýrt markmið og einlægur vilji stúdentahreyfingana að háskólasamfélagið okkar stuðli enn frekar að jöfnuði og gagnkvæmri virðingu meðal fjölbreyttra hópa nemenda og starfsfólks. Stúdentaráð hvetur íslensk stjórnvöld til að virða þá alþjóðlega mannréttinasáttmála sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja og sýna mannúð í verki með því að tryggja sanngjarna málsmeðferð og grundvallarþjónustu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

- c. Isabel mælir fyrir tillögunni og vísar til þess að Stúdentaráð hefur í tvígang frá 2020 látið sig þetta tiltekna mál varða. Fyrst í júní 2020 til stuðnings umsagnar Rauða krossins á Íslandi vegna frumvarpsins og svo í desember 2020 með eigin umsögn.
- d. **Atkvæðagreiðsla: 15 atkvæði, samþykkt einróma**

12. Fundi slitið 19:01

Meeting ends